

Störf hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar auglýsir tvær stöður á skrifstofu embættisins til umsóknar.

VERKEFNISSTJÓRI BYGGINGARMÁLA

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar (SBE) auglýsir eftir aðila í 80-100 % stöðu verkefnisstjóra byggingarmála. Starfið felst í leyfisveitingum og lögbundnu byggingareftirlit sveitarfélags eins og það er fyrirskrifað í 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Starfmaðurinn mun bera ábyrgð á úrvinnslu erinda sem til afgreiðslu koma hjá SBE, svo sem yfirferð uppdráttu, útgáfu byggingarleyfa, samskiptum við umsækjendur og fagaðila, framkvæmd reglulegs byggingareftirlits, framkvæmd öryggis- og lokaúttekta auk annarra verkefna á sviði byggingarmála. Auk þess mun starfmaðurinn hafa aðkomu að innleiðingu rafrænnar stjórnáslu og annarra tækninýjunga á sviði byggingareftirlits. Um er að ræða nýja stöðu og leitað er að öflugum og hæfum einstaklingi sem hefur metnað til að vaxa og eflast í starfi og áhuga á að setja mark sitt á viðfangsefni sín. Starfstöð er á skrifstofu SBE, Skólatróð 9 í Hrafnagilshverfi.

MEÐAL VERKEFNA STARFSMANNINS VERÐA:

- Útgáfa byggingarleyfa og annarra leyfisbréfa vegna leyfisveitinga skv. mannvirkjalögum nr. 160/2010.
- Útgáfa lokavottorða og annarra vottorða skv. mannvirkjalögum nr. 160/2010.
- Skráning byggingarleyfa í Mannvirkjaskrá HMS.
- Yfirferð uppdráttu.
- Framkvæmd byggingareftirlits.
- Þáttaka í innleiðingu rafrænnar stjórnáslu á sviði byggingarmála.
- Aðstoð við þróun byggingareftirlits og innleiðingu tækninýjunga.
- Þáttaka í samstarfsverkefnum milli sveitarfélaga á sviði byggingarmála.
- Upplýsingagjöf, leiðbeiningar og aðstoð á sviði byggingarmála við borgara og framkvæmdaraðila og aðra hagsmunaaðila.
- Þáttaka í innra eftirliti skv. gæðakerfi embættisins.
- Undirbúningur og eftirfylgni afgreiðslufunda skipulags- og byggingarfulltrúa.

HÆFNI- OG MENNTUNARKRÖFUR:

- Menntun á sviði byggingarmála skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Góð íslenskukunnáttu.
- Lipurð í samskiptum.
- Stundvísí og skipulögð vinnubrögð.
- Samvinnuhæfni og jákvæðni í samskiptum.
- Reynsla af hönnun er kostur.
- Reynsla af vinnu samkvæmt gæðakerfi er kostur.
- Reynsla af Mannvirkjaskrá eða sambærilegum gagnagrunnum er kostur.
- Þekking á algengum hugbúnaði á borð við MS Office, CAD, BIM og GIS hugbúnaði er kostur.

MÓTTÖKUSTARFSMAÐUR

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar auglýsir eftir aðila í 50 % stöðu starfsmanns á skrifstofu. Starfið felst í móttöku erinda, símavörslu og úrvinnslu annarra verkefna á skrifstofu embættisins, Skólatróð 9 í Hrafnagilshverfi.

MEÐAL VERKEFNA STARFSMANNINS VERÐA:

- Móttaka erinda og símavarsla
- Skráning upplýsinga í skjalakerfi embættisins
- Innra eftirlit skv. gæðakerfi embættisins
- Skönnun teikninga
- Almenn skrifstofustörf
- Samskipti við málsaðila vegna skipulagsmála s.s. grenndarkynninga

HÆFNI- OG MENNTUNARKRÖFUR:

- Góð tölvukunnáttu
- Góð íslenskukunnáttu
- Stundvísí og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af skrifstofustörfum
- Samvinnuhæfni og jákvæðni í samskiptum.
- Þekking á tölvuforritunum Outlook, Word og öðrum algengum hugbúnaði er kostur

Bygðasamlagið Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar bs. var stofnað árið 2017 og annast það skipulags- og byggingarmál í Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og mannvirkjalögum nr. 160/2012. Starfstöð byggðasamlagsins er í Skólatróð 9, Hrafnagilshverfi og þar vinna þrír starfsmenn.

Umsóknarbréf og ferilskrá í pdf sniði skulu send í tölvupósti í síðasta lagi 15. desember 2023 á netfangið vigfus@sbe.is.

Nánari upplýsingar veitir Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi, í síma 463-0620.



**Skipulags- og byggingarfulltrúi
Eyjafjarðar**